

1. Fundur starfshóps um starfsaðstæður í leikskólum

1. Desember 2017 kl. 9:00

Mættir: Steinunn Jónsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Lilja Kolbrún Steinþórsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir fulltrúi meirihluta Haraldur F. Gíslason fulltrúi félags leikskólakennara, Svava Björg Mörk fulltrúi minnihluta Hörður Svavarsson formaður Jenný D. Gunnarsdóttir próunarfulltrúi leikskóla, Fanney D. Halldórsdóttir fræðslustjóri, starfsmenn hópsins.

- Fræðslustjóri kynnti fundinn og ræddi innihald erindisbréfsins, kynnti hlutverk hans og hverjir sætu í hópnum.
- Hörður rakti forsögu stofnun starfshópsins, greindi frá því að hópur um starfsaðstæður í grunnskólum hafi verið starfandi síðastliðinn vetur. Hann greindi einnig frá því að hópurinn hafi afmarkaðan tíma til þess að funda og að hann leggi áherslu að hópurinn skili af sér áfangaskýrslum til þess að tryggja það að sá meirihluti sem nú er við völd geti unnið hratt til að tryggja að niðurstaða starfshópsins leiði til þess að eitthvað nái fram að ganga á þessum skólavetri. Hann lagði einnig áherslu á að það væri formaður í svona hóp þar sem hann hefur reynslu af því að vera í starfshóp þar sem ekki hefur verið skipaður formaður. Upplifun hans á því er að allt verður meira fljótandi ss. fundartímar og fleira.
- Kjörnir fulltrúar og starfsmenn hópsins munu hittast 1 x viku þ.e. stýrhópurinn. Starfshópurinn mun svo hittast með stýrihóp á 3ja vikna fresti. Haraldur fulltrúi FL er tilbúinn að koma oftar ef þörf þykir.
- Próunarfulltrúi kynnti fyrirlestur Kristínar Dýrfjörð sem ber yfirskriftina leikskóli á tímamótum vellíðan og vanlíðan sem haldinn er í Hafnarborg í næstu viku.
- Næsti fundur er í Hafnarborg þar sem Kristín Dýrfjörð lektor við Háskólann á Akureyri heldur erindi um leikskólann. Síðan verður fundur þann 12. des, 9. Janúar og 23. Janúar kl. 8:30 . Þetta eru þær dagsetningar sem komnar eru.
- Næsti fundur starfshópsins verður þann 2. janúar 2018.
- Hörður nefndi að það væri mikilvægt að geta skilað áfangaskýrslu til þess að hægt verði að sjá hvar verkefnið er statt.
- Haraldur gerði tillögu að viðbót við erindisbréfið. Hann telur umfjöllun um nýliðun í leikskólum og hvað er til ráða þar nausynlega. Hann situr í starfshóp hjá Rvík.borg og þar er þessi þáttur tekinn með. Bendir á að mikilvægt sé að útvíkka erindisbréfið. Bent er á að 6 liður erindisbréfsins „annað sem hópurinn telur mikilvægt og tengjast vinnslu málsins“ sem getur fallið undir þennan lið. Hvað varðar starfsaðstæður þá bætir nýliðun starfsaðstæður. Mikilvægt er að afurð hópanna geti verið nýliðun í leikskólastarfi. Hópurinn samþykkti að bæta því í vinnuna.
- Laun leikskólakennara eiga að vera sambærileg við aðrar sérfræðingastéttir.

- Umræða varðandi námssamninga og skuldbindingin og álagið og pressan frá vinnustaðnum varðandi fólk sem er á námssamningi. Jenný bendir á brottfallið sem orðið hefur í Hfj. Þegar þeir voru samþykktir árið 2015 þá hófu nám 42. Í dag eru einungis 18 á samningi.
- Haraldur bendir á að að fáir taka námslán í dag. Það er hægt er að sækja um styrk til KÍ að upphæð 1200 þús þegar þú ert komin í MA námið.
- Svava sagði frá því að það er enginn sveiganleiki í B.ed náminu. Dæmi þess eru að leikskólastjórar hafi sótt nema í lotur til þess að koma í vinnu vegna manneklu í skólunum. Í framhaldinu urðu umræður um skuldbindingu námssamninga. Mikilvægt er að gera samninginn aðlaðandi. Sanngirnissjónarmið út frá aðstæðum hvers og eins varðandi námssamninga.
- Forgangsröðun starfshópsins hvað er brýnt að skoða og hvað væri forgangur. Lilja telur að það hafi verið farið bratt í að skera niður afleysinguna úr 8,33 í 6.33. Tók dæmi úr sínum skóla. Mikil veikindi vantar 5-7 manns á hverjum degi síðan í ágúst. Árið 2015 var hún tekin niður um 2%.

Auka nýliðun og bæta starfsaðstæður: Haraldur talaði um fjóra þætti:

1. Bæta laun
 2. Fækka börnum í rými
 3. Fjölga undirbúningstímum
 4. Færa starfsumhverfið nær því sem þekktist á öðrum skólstigum
- Mikil umræða var um launamun leikskólakennara og grunnskólakennara við það að fara á milli skólastiga. Að vera grunnskólakennari í leikskóla færð 100 þús kr. lægri laun við það að kenna í leikskóla og öfugt. Eru að sjá á eftir leikskólakennurum í grunnskólann vegna þess að það eru betri starfsaðstæður frí, styttri viðvera osfrv.
 - Umræða um leyfisbréf og lengd náms. Ef þú ert ekki með leyfisbréf sem grunnskólakennari þá færð þú leiðbeinendalaun sem er launaflokkur 228. Að sveitarfélög geti greitt grunnskólakennara laun sem leikskólakennara sveitarfélög geta þetta alveg og hafa heimild til þess. Mikilvægt er að umræðan verði gagnsæ.
 - Taka til skoðunar hugmyndir sem Haraldur er með og einnig samantekt Kristínar Dýrfjörð.
 - Haraldur sagði frá því að hann kallaði eftir núna í haust launum frá hinum norðurlöndunum, þ.e byrjendalaun leikskólakennara og svo laun þeirra sem eru hæstir hvað varðar starfsaldur og svo gildi út frá stöðlum (PPT dollarar, kaupmáttardollarar). Finnar eru á botninum og Danir eru á toppnum. Við erum í öðru sæti miðað við kaupmátt og ef þetta er speglað á grunnskólann þá er það mun lægra. Sýnir okkur hvað kennaramenntun er lítil metin á landinu. Ekkert annað land metur MA nám nema Ísland. Ísland er eina landið sem er 5 ára nám og horft þafl mikið til okkar.
 - Mesti kjarasamningsbundni undirbúningur sem er hér á landi miðað við hin norðurlöndum.
 - Nauðsynlegt að Guðmundur Sverrisson komi og fjalli um íbúabróun út frá rýmisáætlunavinnunni og hún verði tekin til endurskoðunar. Umræður varðandi það að breyta sisteminu t.d að á 30 barna deild verði fækkun niður í 25 en sami starfsmannafjöldi og áður.

- Haraldur greindi frá því að hann fer að hitta nýjan ráðherra í næstu viku. Mikilvægt að vera í góðu sambandi og gera grein fyrir stöðunni og hvað og varðar líka velferðarkerfið og heilbrigðiskerfið geðheilbrigði. Spóla ofan af þessari hugsun á mörkum skólastiga um 5 ára í grunnskóla.

Jenný D. Gunnarsdóttir þróunarfulltrúi ritaði fundargerð
Fundi slitið 10.15